

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, Drekavellir 44.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 30. maí 2007, breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Drekavellir 44, Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að á lóðinni Drekavellir 44 er gert ráð fyrir byggingu með flötu þaki og hámarkshæð 8 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Auk þess er leyfilegt að byggja geymslu- og lagnakjallara undir fjölbýlishúsinu með hámarkshæð 2,7 metrar. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar fyrir Velli 5. áfanga, útg. 0.3. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Selhrauns - Suður.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 3. júlí 2007, breytingu á deiliskipulagi Selhraun – Suður, Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóðir Norðurhella 2, 4 og 6 ásamt lóðunum Suðurhella 1 og 3 eru sameinaðar í eina lóð, Norðurhella 2, sem verður um 15.156 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja 100 m<sup>2</sup> í lager- og verkstæðishúsnæði. Hámarkshæð byggingar er 9,5 m fyrir gólfkóta og þakform er frjálst. Að öðru leyti gilda skilmálar fyrir Selhraun - Suður. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Selhrauns-Norður, Selhella 11 og 13, Miðhella 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 27. júní 2007, breytingu á deiliskipulagi Selhrauns-Norður, Selhella 11 og 13, Miðhella 4 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóðirnar Selhella 11 og 13 og Miðhella 4 eru samnýttar, þannig að athafnasvæði milli þessara húsa nýtist sem best. Innkeyrsla frá Miðhelli er færð til inn á lóð Selhelli 11 til að fjölga bílastæðum við Miðhelli 4. Einnig er bætt við innkeyrslu milli Selhelli 13 og Miðhelli 4. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 22.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 27. júní 2007, breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Breiðhella 22 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lögun byggingarreits á lóðinni Breiðhella 22 er breytt og hann stækkaður. Nýtingarhlutfall á lóðinni breytist í  $N = 0,7$  eða allt að 6.204 m<sup>2</sup>. Hæð byggingar verður að hluta til allt að 12 m frá uppgefnum gólfkóta. Felld er niður kvöð um bundna byggingarlínu. Innkeyrsla við Breiðhelli er færð til austurs og nýrri innkeyrsla bætt við á móts við Gjáhelli 19. Fyrirkomulagi bílastæða er breytt og bílastæðum fjölgað. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nr. 747

2. ágúst 2007

*F. h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2. ágúst 2007,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2007